

Lokaskýrsla Lindaskóla til sprotasjóðs
Lestrarátak í 2. – 7. bekk Lindaskóla
2009 – 2012



Júní 2012

Elín Richards verkefnisstjóri



Lindaskóli

Nafn skóla: Lindaskóli

Nafn verkefnisins: Lestrarátak í 2. – 7. bekk Lindaskóla – þróunarverkefni

Nafn verkefnisstjóra: Elín Richards

- **Markmið verkefnisins:**

Markmið verkefnisins er að gera góða lestrarkennslu enn betri og efla áhuga nemenda á lestri. Til þess skyldu notaðar ýmsar „nýjar“ kennsluaðferðir og þær þróaðar og verkefnin aðlöguð á ferlinum.

Rannsóknir ýmissa lestrarsérfræðinga s.s Torleiv Højen sem er einn af höfundum LOGOS greiningartækisins sýna að lestrarkunnáttu barna hefur hrakað töluvert og sterkar vísbendingar eru um að margir nemendur hætti að lesa allt of snemma á skólagöngunni. Sérkennarar sem hafa fengið í hendur nýtt greiningartæki í lestri LOGOS, verða varir við að eldri nemendur (8. – 10. bekk) sem eiga í vandræðum með hljóðkerfisvitund eiga einnig oft í ritunarörðugleikum. Þetta bendir til að of snemma sé hætt að efla hljóðkerfisvitund barna en margir skólar gera það markvisst í 1. bekk með kennslu í Markvissri málörvun og síðan ekki söguna meir.

Þátttakendur verkefnisins í Lindaskóla eru:

- Verkefnisstjóri
- Umsjónarkennarar í 2. – 7. bekk
- Sérkennarar
- Nemendur í 2. – 7. bekk
- Foreldrar barna í 2. – 7. bekk

- **Leiðir að markmiðum:**

Verkefni í hverjum árgangi eru:

- ❖ Víxllestur
- ❖ Stafsetningarátak

- ❖ Lesbók með vinnubók ýmist unnin heima eða í skóla í 2. – 6. bekk
- ❖ Lesskilningsverkefni í 3. – 7. bekk

Víxllestur

Víxllestur fer þannig fram að nemandi og foreldri velja sér skemmtilega bók og nálgast tvö eintök á bókasafninu. Síðan er skipst á að lesa og fer lestur nemenda svólítið eftir hversu vel á veg þeir eru komnir í lestrarferli sínu.

Í víxllestrinum er reynt að aðstoða nemendur við að velja bækur við hæfi hvers aldurs og hversu langt á veg þeir eru komnir í lestrarferlinu.

Stafsetningarátak

Stafsetningarátakið er unnið þannig að nemendur vinna með texta og sóknarskrift í 2 – 3 vikur. Sérstaklega eru æfð feitletruð (erfið) orð og eftir að áttakinu lýkur er prófað úr þessum sömu orðum.

Lestarbók/vinnubók

Í vinnunni með lestarbók/vinnubók (2. – 6. bekkur) eru fyrirfram valdar ákveðnar lestrarbækur og vinnubækur fylgja. Nemendur lesa þessar bækur og vinna verkefni úr vinnubókunum heima í 2 – 3 vikur. Ætlast er til að nemendur lesi upphátt fyrir einhvern fullorðinn á hverjum virkum degi þann tíma sem áttakið stendur.

Annað efni

Einnig er á boðstólum les- og verkefnabækur frá Skólavefnum með yfirheitið Vanda málið fyrir 5. 6. og 7. bekk og lesskilningsverkefni úr þjöðsögum og ævintýrum ætluð 3. og 4. bekk.

- **Frávik miðað við áætlun verkefnisins:**

Verkáætlun hefur haldist í stórum dráttum. Eftir fyrsta árið kom í ljós að að betra var að kennarar hvers árgangs gerðu áætlanirnar frekar en verkefnisstjóri sem þó hélt utan um vinnuna í öllum árgöngum.

- **Helstu hindranir sem komu upp við vinnu verkefnisins:**

Þar er helst bókaskortur. Námsgagnastofnun hættir útgáfu námsbóka (lestrarbóka og vinnubóka) oft með engum fyrirvara. Lindaskóli er tiltölulega ungur skóli og hefur ekki yfir að ráða miklu magni af eldri bókum. Styrkurinn frá Sprotasjóði bjargaði því að unnt var að kaupa bækur frá fleiri stöðum en Námsgagnastofnun og var mest keypt af Skólavefnum sem hefur mikinn metnað í að gefa út heildstætt íslenskuefni fyrir grunnskóla.

Einnig var oft erfitt að fá kennara til að fylgja bókalistanum og sleppa því að nota bækur verkefnisins í aðra skólavinnu.

- **Helstu ávinningar af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfari eða samhliða verkefnisvinnu:**

Þeir foreldrar, nemendur og kennarar sem tóku þátt í verkefninu eru almennt mjög ánægðir. Foreldrar tala um gæðastundir með börnum sínum og margir merkja verulegar framfarir. Margir foreldrar hafa áttað sig á hversu mikilvægt er að nemendur lesi upphátt fram eftir öllum aldri, bæði þeir sem eru komnir vel á veg sem og þeir sem eiga í erfiðleikum með lestur.

Bæði foreldrar og kennarar merkja framfarir hjá nemendum í stafsetningu og eru sammála um að það skili sér vel að vinna smám saman og lítið daglega í nokkurn tíma frekar en að rubba öllu af á einum degi. Einkunnatölur sýna okkur að það er verulegur stígandi í framþróun hvers árgangs bæði í lestri og stafsetningu frá því að verkefnið hófst haustið 2009.

Kennarar tala um að þarna sé „nýtt verkfæri“ til nota við að auka flóru kennsluaðferða og auka enn á fjölbreytileikann. Það hefur sýnt sig að þetta eru aðferðir og kennsluefni sem virkar.

- **Mat á verkefninu samkvæmt umsókn:**

Markmiðið var að bæta árangur og lestrarfærni nemenda í 2. – 7. bekk Lindaskóla. Undirrituð telur að markmiðinu hafi verið náð. Kennarar og foreldrar eru sammála um að þarna séu notaðar aðferðir sem efla og glæða

lestraráhuga nemenda og beinharðar einkunnatölur sýna að árangur nemenda hefur aukist þau þrjú ár sem verkefnið hefur staðið.

- **Niðurstöður verkefnisins:**

Það er eindreginn vilji kennara, foreldra og verkefnisstjóra að verkefnið haldi áfram. Hér höfum við verkfæri sem ásamt góðum vilja virka til að nemendur nái enn betri árangri en áður.

Meðaltal í lestri 2. - 7. bekkjar Lindaskóla 2008 - 2012

| | 2. bekkur | 3. bekkur | 4. bekkur | 5. bekkur | 6. bekkur | 7. bekkur |
|----------|-----------|-----------|-----------|-----------|-----------|-----------|
| vor 2008 | 5,3 | 6,9 | 6,6 | 8,3 | 8,4 | 8,6 |
| vor 2009 | 5,4 | 6,8 | 7,6 | 7,7 | 8,3 | 9,2 |
| vor 2010 | 4 | 5,8 | 7 | 8,4 | 8,9 | 8,7 |
| vor 2011 | 6 | 6,9 | 7,1 | 8 | 8,5 | 8,9 |
| vor 2012 | 5,4 | 6,9 | 7,4 | 8 | 8,5 | 8,8 |

Taka verður tillit til við lestur línuritsins að árgangar eru mismunandi samsettir

Á línuritunu sést stígandi hvers árgangs í lestri 2008 – 2012.

Umsagnir foreldra:

- ❖ Ég er mjög jákvæð fyrir því að áttakinu verði haldið áfram .
- ❖ Þar sem mér finnst þetta frábært verkefni þá finnst mér ekki spurning um að halda þessu áfram enda fannst mér þetta brjóta upp hefðbundinn heimalærdóm. Víxllesturinn fannst okkur sérstaklega skemmtilegur.
- ❖ Það er full ástæða til að halda þessu áfram, þó svo ekki nema að foreldrar geti gert sér betur grein fyrir veikleika barnanna og hjálpað þeim frekar.
- ❖ Já tvímælaust það er svo oft hjá okkur Íslendingum að við erum alltaf í einhverjum átökum í stað þess að vinna hlutina jafnt og þétt. Ég held að maður geti alltaf bætt sig í námi t.d. væri hægt að kenna þeim sem búnir eru að ná góðum tókum á lestri og lesskilningi hraðlestur.
- ❖ Já, þessi vinna eflir skynjun og eykur tilfinningu fyrir rituðu máli.
- ❖ Já, sérstaklega ritunarvinnu. Það vantar dálítið upp á að börnin æfi skrift og ritun heima.

- ❖ Ég tel að lestrarátak eins og þetta sé börnum gríðarlega mikils virði þegar fram í sækir því ég held að lestur geti víðast hvar farið forgörðum á heimilum og þetta sparkar í rassinn á foreldrum að fylgjast með lestri barna sinna og taka þátt (þó x hafi alltaf staðið vel í lestri þá er þetta gott átak fyrir alla og þetta er líka samverustund sem mér finnst góð).
- ❖ Já tvímælalaust, það má ekki halda að lestrar og ritunar vinna komi af sjálfu sér.
- ❖ Endilega halda áttakinu áfram – við höfðum gaman af því.
- ❖ Mjög skemmtilegt verkefni sem gaman var að taka þátt í og þið hrós skilið fyrir gott framtak og góða skipulagningu.

- ❖ Þetta var mjög jákvætt átak og vonandi verður áframhald af því. Dóttir mín er í 2000 árgangi.
- ❖ Ég er móðir barns í 6. bekk og hef fylgst með og tekið þátt í lestrarátakinu með dóttur minni sem ég tel að hafi verið hæfilegt og ég er á því að halda eigi þessari lestrar- og ritunarvinnu áfram því ég tel að hún geti hjálpað nemendum að auka hraða og skilning.
- ❖ Átakið er þakkarvert og mikilvægt fyrir margar sakir. Tilfinning fyrir málinu, getan til þess að ímynda sér og sjá fyrir sér, orðaforði og annað sem kemur af lestri bóka kemur alls ekki með öðrum hætti. Ef eitthvað er þá mætti setja aukna pressu á nemendur og foreldra að halda þessu áfram og gera meira. Það getur verið gaman að horfa á góða mynd en það vita allir að það kemur ekki í stað þess að lesa góða bók.
- ❖ Frábært framtak sem ég vona að haldi áfram og verði hluti af reglulegri kennslu. Til gamans að þá langar mig að segja frá því að ég tel að leggja þurfi áherslu á ritun, ég er í HÍ í meistaranámi og þar eru margir sérstaklega þeir yngri sem þykir ákaflega erfitt að taka skrifleg próf því þeir kunna varla að skrifa læsilega (að þeirra mati).
- ❖ Ég er mjög hlynnt svona lestrarátökum. Aldrei nóg af því góða í sambandi við lestur. Þegar átak er í gangi þá ýtir það líka á okkur foreldrana að standa okkur í því að láta börnin lesa meira ☺
- ❖ Ég get sagt að mér fannst átakið mjög gagnlegt, heimanámið þótti mér hæfilegt og tel fulla ástæðu til að halda þessu átaki áfram, varðandi uppsetningu að sækja textann og skrá til að efla sjónminni var kannski ekki alveg að henta mínum manni en burtséð frá því þá vona ég að framhald verði á þessu verkefni.
- ❖ Þetta var áhugavert og skemmtilegt og ég er viss um að þetta aðstoðar alla nemendur til þess að eiga auðveldar með nám.
- ❖ Takk fyrir okkur, mér finnst þetta metnaðargjarnt og gott starf sem þið vinnið.

❖ Mér finnst þetta gott átaksverkefni sem hvetur til aukins lesturs. Ég held að það skili meiri árangri að hafa átak í stuttan tíma og brjóta þannig upp hefðbundna heimavinnu. Það mætti sleppa annarri heimavinnu á meðan þessu stendur og hafa stafsetningu og lesskilning sem hluta af verkefninu. Það er þá hægt að einbeita sér að lestrinum einum saman

• **Kynning á verkefninu:**

- Verkefnið var kynnt á fundi með kennurum við upphaf verkefnisins í september 2009.
- Verkefnið var skráð í Norrænan gagnabanka – Nordisk projektbank og farið var til Kaupmannahafnar á ráðstefnu í desember 2010 og lestrarverkefnið kynnt.
- Verkefnið var kynnt á skipulagsdegi með öllum kennurum Kópavogs í september 2011.
- Verkefnið hlaut styrk úr Sprotasjóði Menntamálaráðuneytisins og verður kynnt, á þeirra vegum, á ráðstefnu í nóvember 2012.
- Unnin hefur verið ítarleg skýrsla sem unnt er að nálgast á heimasíðu Lindaskóla www.lindaskoli.is sem og áfangaskýrslur sem einnig er að finna þar undir hlekknum eldri fréttir. Lokaskýrslunni er dreift til allra kennara og foreldra sem komið hafa að verkefninu sem og skólastjórnenda.

Kópavogi júní 2012

Elín Richards verkefnisstjóri

Gunnsteinn Sigurðsson skólastjóri